

9. stjórnarfundur FÍF, 15. febrúar 2019 kl. 12:00 í Borgartúni.

Mætt: Hugrún, Þóra, Bára, Ása, Óli, Kristmundur og Gerður sem ritaði fundargerð.

Síðasti fundur þessarar stjórnar.

1. Farið yfir ársreikningana 2018 sem leggja á fram á aðalfundinum 20. febrúar. Óskað eftir skýringum á hækkun á launalið frá starfsmönnum skrifstofu og þær fengust.
2. Hjalti Einarsson, starfsmaður þjónustuskrifstofu, kynnti niðurstöður könnunar meðal félagsmanna og staðfestu þær að félagið hefur verið á réttri leið í sínum áherslum. Svörun hjá félögum FÍF var góð. Þetta verður kynnt á aðalfundinum.
3. Hugrún mun rýna betur í svör ríkisstarfsmanna í þessari könnun og Gerður rýnir betur í svör starfsmanna sveitarfélaga, annara en Reykjavíkur, því þær fara fyrir þeim samninganefndum.
4. Starfsmatið hjá sveitarfélögum, öðrum en Reykjavík. Það er búið en kemur ekki nógu vel út. Formannafundur fór fram á að gerð verði gæðaúttekt á ferlinu við matið.
5. Pottur sem FÍF fékk í síðustu samningum við Ríkið verður settur í stofnanasamning hjá TR því þar eru lægslaunuðustu félagsmenn okkar.
6. Aðalfundur 20. febrúar: Hugrún skrifar skýrslu stjórnar og sendir okkur til yfirlestrar. Borist hafa framboð til stjórnar og fyrirséð er að það verði kosningar. Fáum starfsmenn skrifstofunnar til að undirbúa það svo rétt verði að staðið.
7. Starfshópar: FÍF hefur verið beðið um að tilnefna í tvo hópa hjá BHM, annan um gerð ályktana fyrir aðalfund BHM 2019 og hinn um sjálfstætt starfandi.
8. Við leggjum það til við nýja stjórn að hafa öðru hvoru lengri vinnufundi um tiltekin mál, þar sem stjórnarfundirnir duga engan veginn til að kafa dýpra í umræður.

Fundarmönnum láðist að þakka hver öðrum fyrir samstarfið.

Fundi slitið 13:30.